

# STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1970

5. janúar 1970.

185

Nr. 4.

## S A M Þ Y K K T

um afgreiðslutíma verzlana á Höfn í Hornarfirði, Hafnarhreppi, A.-Skaft.

### 1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverzlana á Höfn, þar á meðal söluturna, brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru: Lyfjasala, benzínsala, að því er snertir sölu á benzíni, olíu, smurolíum og vörum til bifreiða, sjálfsalar, blaðasala á götum, merkjasala og annað slíkt.

Ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til þjónustufyrirtækja, svo sem bifreiðaafgreiðslna að því er varðar bifreiðaafgreiðslu, rakara-, hárgreiðslu- og ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv. að því er varðar þá starfsemi.

### 2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverzlana og annarra sölustaða er samþykkt þessi tekur til, er svo sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni.

Alla virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 09.00. Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og föstudögum, skal sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 18.00, enda beri þessa daga þá ekki upp á helgi eða frídag.

Á laugardögum skal heimilt að hafa sölustaði opna til kl. 12.00 á hádegi.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla og gamlársgdag, skal heimilt að hafa verzlunar opnar til kl. 24.00, og aðra næstu daga fyrir jól samkvæmt kjarasamningi verzlunarfólks.

### 3. gr.

Eftirfarandi reglur gilda um lokun sölustaða á helgidögum og hátíðisdögum:

Jóladag, annan jóladag, páskadag, annan páskadag, hvítasunnudag, annan hvítasunnudag, skírdag, föstudaginn langa, nýjársgdag, uppstigningardag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, verzlunarmannafrídaginn, svo og alla sunnudaga skulu allir sölustaðir lokaðir allan daginn, nema þeir sem fá útgefið af hreppsnefnd leyfi til kvöld- og sunnudagasölu.

Aðfangadag jóla og gamlársgdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00. Þó geta söluturnar fengið heimild til kl. 15.00.

### 4. gr.

Mjólkur- og brauðbúðir skulu hlíta ákvæðum 2. gr. um afgreiðslutíma, nema heimilt skal þeim að hafa opið frá kl. 10.00 til 12.00 alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, uppstigningardag, annan hvítasunnudag, annan jóladag, 1. maí, 17. júní og verzlunarmannafrídaginn.

B 24

## 5. gr.

Hreppsnefnd getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar að söluturnar og sambærilegir sölustaðir, sem almennt smásöluverzlunarleyfi hafa, megi utan hins almenna sölutíma, vera opnir frá kl. 18.00 til kl. 22.00 allt árið. Sölustaðir, sem hér um getur, skulu utan hins almenna sölutíma aðskildir frá hvers konar annarri starfsemi, t. d. annarri verzlun en þar er leyfð, olíu- og benzínsölu, bifreiða-afgreiðslu og veitingastarfsemi. Má þá þjónusta fyrrgreindra sölustaða einungis fara fram um söluop, nema sölustaðir uppfylli fyllstu skilyrði um hreinlæti og reglusemi, að dómi heilbrigðis- og hreppsnefndar. Skulu kaupendur við slík op, standa utanhúss og óheimilt er að hafa neins konar skýli í sambandi við söluop, sem börn og unglingar geta safnast saman í.

Um söluop skal aðeins heimilt að selja eftirtaldar vörur:

Dagblöð, kort, tímarit, frimerki, tóbaksvörur, eldspýtur, ís, öl og gosdrykki, sælgæti, nýja ávexti, niðursuðuvörur, heitar pylsur, ávaxtasafa, kaffi, te, kakó, innpakkað kex, sápur, tannkrem, tannbursta, greiður, bómull, dömubindi, skyndiplástra, WC-pappír, rafhlöður, rafmagnsperur, rafmagnsöryggi, filmur, sólgleraugu, spil, kvensokka, vinnuvettlinga og sjóklæðnað.

Heimilt er hreppsnefnd að bæta við vörutegundum, enda liggi þá fyrir samþykki heilbrigðisnefndar, sem ákveður hvað af ofangreindum vörum megi selja á hverjum stað og ákveður nánar hvernig hagað skuli umbúnaði þeirra.

Lokað skal jóladag, páskadag, föstudaginn langa og hvítasunnudag.

Fyllsta hreinlætis skal gætt á öllum sölustöðum, og skulu sörpílát vera staðsett í námunda við þá.

Hreppsnefnd veitir leyfi til kvöldsölu og greiðist fyrir hvern sölustað árlegt gjald, kr. 12 000.00 til sveitarsjóðs. Gjaldið skal greiðast ársfjórðungslega fyrirfram. Sé það ekki greitt á réttum gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

## 6. gr.

Eftir lokunartíma almennra verzlana er óheimilt að selja nokkurn þann varning, sem þar er á boðstólum, heimilt er þó að afgreiða þá menn, sem komnir voru inn í verzlunina fyrir lokunartíma. Einnig er heimilt að afgreiða langferðamenn um nesti fyrir luktum dyrum. Enn fremur er heimilt að selja eftir reglulegan lokunartíma, kol, salt, olíu, veiðarfæri, vistir og sjóklæðnað til skipa.

Eftir lokunartíma verzlana er heimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan verzlana, nokkurn þann varning, sem verzlunarleyfi þarf til að selja.

## 7. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, ef sala verzlunarinnar fer fram til ágóða fyrir góðgerðarstofnanir og fyrirtæki að dómi lögreglustjóra.

## 8. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtunum og öðrum slíkum stöðum, skal heimilt að fengnu leyfi hreppsnefndar og heilbrigðisnefndar að selja samkomugestum sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum.

Einnig má selja þar sýningarsskrár og annað slíkt, sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma, sem tilgreindur er í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað. Í kvikmyndahúsum og leikhúsum er slík sala einungis heimil í sýningarhléum og hálf tíma fyrir sýningu.

Gjald fyrir söluleyfi á skemmtistað skal vera minnst kr. 500.00 í hvert sinn og greiðist fyrirfram í sveitarsjóð, undanþegin þessu gjaldi eru þó kvikmyndahús og leikhús, en í þess stað skulu þau greiða árlega í sveitarsjóð kr. 5 000.00 fyrir söluleyfi.

#### 9. gr.

Ef leyfishafi, sbr. 6. og 8. gr., brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem hreppsnefnd, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri kunna að setja fyrir leyfi, eða ef rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, má hreppsnefnd svifta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má ákveða að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað tiltekinn tíma.

#### 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá kr. 1 000.00 allt að kr. 10 000.00. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

#### 11. gr.

Við gildistöku samþykktar þessarar eru öll svokölluð „kvöldsöluleyfi“ samkvæmt áður gildandi reglum afturkölluð.

#### 12. gr.

Öllum leyfisgjöldum og sektum, samkvæmt samþykkt þessari og sem í sveitarsjóð renna, skal af sveitarsjóði óskertu varið til menningarmála í Hafnarkaup-túni.

Samþykkt þessi, sem er gerð af hreppsnefnd Hafnarhrepps, samkv. lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. jan. 1970.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað  
nr. 111 10. ágúst 1956.

#### 1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um lestargjald.

#### 22. gr.

- a. Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna á Siglufirði og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári, kr. 15.75 af hverri brúttó rúmlest.
- b. Innlend fiskiskip greiði kr. 1.05 fyrir hverja brúttó-rúmlest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 52.50.